

Reykjavík 1. október 2012

Ágæti viðtakandi.

Flugslysaæfing á Reykjavíkurflugvelli 6. október 2012

N.k. laugardag, 6. október, verður haldin flugslysaæfing á Reykjavíkurflugvelli þar sem æfð verða viðbrögð við flugslysi.

Æfingin verður mjög umfangsmikil með þátttöku margra starfseiningar sem hlutverki gegna í flugslysaáætlun Reykjavíkurflugvallar; flugvallarstarfsmanna, lögreglu, slökkviliðs, sjúkraflutningaaðila, heilbrigðisþjónustu, almannavarna, björgunarsveita, Rauðakrossins, presta og rannsóknaraðila auk annarra.

Stjórnendur flugslysaæfingarinnar vilja bjóða þér að fylgjast með framkvæmd æfingarinnar að morgni laugardagsins 6. október. Gert er ráð fyrir að æfingin hefjist kl. 11:00 en gestir eru beðnir um að mæta á kynningu kl. 10:00. Dagskrá gesta ætti að vera lokið um kl. 13:00.

Ráðgert er að dagskrá gesta taki 2 – 3 klukkustundir og hefjist með kynningu á skrifstofu Isavia í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli. Gestum gefst síðan kostur á að fylgjast með framkvæmd á sviðsettum slysavettvangi og helstu starfssvæðum sem virkjuð eru við hópslysaðgerðir.

Vinsamlegast staðfestu þátttöku í síðasta lagi fimmtudaginn 4. október með tölvupósti til:
gretar.erlingsson@isavia.is eða í síma 424 4307.

Virðingarfyllst,

Jón Baldwin Pálsson
Flugvallastjóri Reykjavíkurflugvallar